

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1137 Arctic Smolt hf.	Norður-Botn 460 Tálknafjörður	Hreiðar Sigurvinnsson Stöðvarstjóri			
Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	11.4.2023	12.4.2023	9,00	0,00	0,00

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmaður fór í reglubundið eftirlit hjá Arctic Smolt ehf í Norðurbotni í Tálknafirði þriðjudaginn 11. apríl 2023. Farið var yfir gæðahandbók og skráningar og að því loknu var stöðin skoðuð. Allt reyndist í góðu lagi. Kringum 8 milljónir seyða er í stöðinni.

Framleiðsla síðasta árs var í kringum 500 tonn.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arctic Smolt hf.
Norður-Botn
460 Tálknafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 6002122570

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

8694831

sge@afish.is

Gæðastjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 11.04.2023

Í lagi

4 milljónir seyða 500 tonn

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	4.1.2 Dauðfiskur
4.1.3 Eldisbúnaður	4.1.8 Framkvæmd flutnings	4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
5.1.1 Gæðahandbók sjókvíældisstöðva	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)
5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Kristján Rafn Guðmundsson
Kristjan.Gudmundsson@mast.is
Eftirlitsmaður

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.